

Mál nr. 97/2006

M
og

Vátryggingafélagið X v/slysátryggingar ökumanns og eiganda
og sjúkra- og slysátryggingar

Ágreiningur um réttarstöðu vegna umferðarslyss þann 1. júlí 2005.

Gögn.

1. Málskot móttakið 18.05. 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 01.06. 2006, ásamt niðurstöðum alkóhólrannsóknna á ökumanni og farþega/eiganda bifreiðarinnar GU-953 (A).

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

M var að skemmta sér aðfaranótt 1. júlí 2005. Hann mun hafa hitt kunningja sinn J. Um nóttina settust þeir inn í bifreið M og var J undir stýri. Haft er eftir J í skýrslu lögreglu að M hafi verið talsvert ölvaður þegar akstur bifreiðarinnar hófst. J kveðst í skýrslu lögreglu hafa logið að M um að hann hefði ekki smakkað áfengi um kvöldið. Þeir félagar óku að Grundartanga síðan á Akranes og svo var stefnan tekin á Borgarnes, en bifreiðinni var ekið út af á leiðinni. Miðað við fyrirliggjandi gögn missti J stórn á bifreiðinni.

Vitni varð að umferðaróhappi þessu, en frásögn þess er óþarft að rekja.

Vátryggingafélagið hafnar bótaábyrgð úr nefndum vátryggingum. Félagið vísar til þess að M og J hittust fyrst um kl. 01.00 en þá var M að koma úr miðbæ Reykjavíkur, þar sem hann hafði drukkið áfengi. Félagið vísar til niðurstöður fyrirliggjandi alkóhólmælinga. Félagið telur ljóst að þegar þeir félagar hittust fyrst hafi J verið talsvert ölvaður. Félagið telur ótrúverðugt að M hafi ekki haft grun um að J hafi verið ölvaður. Félagið telur M hafa sýnt stórkostlegt gáleysi þegar hann fékk J stjórn bifreiðarinnar og tók sér far með honum. Það hafnar bótaskyldu úr slysátryggingu ökumanns og eiganda með vísan til 5. gr. skilmála. Því til stuðnings "vísar félagið til fjölda dómafordæma Hæstaréttar Íslands um þetta efni". Um brottfall bótaréttar úr sjúkra- og slysátryggingu M vísar félagið einnig til ölvunar hans. M mældist með 1,41 prómill í blóði. Félagið leggur til grundvallar að M hafi í ölæði tekið sér far með ölvuðum ökumanni og þar með fyrirgert bótarétti sínum úr sjúkra- og slysátryggingu.

Óþarft er að rekja röksemdafærslu M sem fram kemur í gögnum málsins, en M hafnar röksemdafærslu félagsins. Hann kveðst ekki hafa vitað að J var ölvaður við akstur bifreiðarinnar.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur M fyrirgert rétti sínum til bóta úr nefndum vátryggingum með því að fela J stjórn bifreiðar sinnar og taka sér far með honum. Nefndin telur að honum hafi ekki getað dulist það að félagi hans J var ölvaður við akstur bifreiðarinnar. Skýring J um að hann hafi logið að M er ótrúverðug í ljósi þess að þeir félagar voru saman þessa nótt. Miðað við fyrirliggjandi gögn verður talið fullvíst að M hafi mátt vita um ölvun J og þá staðreynd að hann var ófær um að aka bifreiðinni.

M sýndi af sér stórkostlegt gáleysi sem veldur brottfalli bótaréttar hans úr slysatryggingu ökumanns og eiganda og sjúkra- og slysatryggingu.

Niðurstaða.

Bótaábyrgð er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 20. júní 2006

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.